

Samtök iðnaðarins

í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar

FJÁRHAGSLEG

ÁBYRGÐ Á

VINNUSTAÐAKENNSLU

Febrúar 2001

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	3
1 Saga vinnustaðanáms	4
2 Vandinn	4
3 Fyrri tilraunir um verknámssjóð	5
4 Vinnustaðapjálfun aftur í brennidepli	6
5 Könnunin	8
6 Fyrirkomulag tryggingagjalds	13
7 Framhald máls	14

Atvinnulífið stendur frammi fyrir vaxandi kröfum um inntak og framkvæmd vinnustaðanáms. Víðtækur áhugi er á því að bæta vinnustaðanám, starfsmönnum og fyrirtækjum til hagsbóta. Stór hluti starfsmenntunar verður ekki kenndur eingöngu í skólum. Hraðfara tæknibreytingar leiða af sér að mikilvægi vinnustaðanáms eykst stöðugt.

Miklum fjármunum er varið til vinnustaðakennslu. Íslensk fyrirtæki greiða til hennar háar fjárhæðir, bæði beint og óbeint. Á grundvelli könnunarinnar, sem liggur að baki þessari greinargerð, má t.d. ætla að árlegur launakostnaður leiðbeinenda vegna kennslu iðnnema í fyrirtækjum sé um 264 millj. kr. á ári. (Hér er ekki tekið tillit til launatengdra gjalda leiðbeinenda, ójafns vinnuframlags nema og rýrnunar á efni og tækjum. Launakostnaður nema er ekki hluti af þessari fjárhæð.) Það veldur vissum vanda að kostnaður af þjálfun nema leggst misjafnt á fyrirtækin og skekkir samkeppnisstöðu þeirra innbyrðis. Hingað til hefur verið óljóst hver skuli bera þennan kostnað: einstök fyrirtæki, atvinnulífið sameiginlega eða stjórnvöld.

Í stuttu máli er vandinn þessi: Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðanámi en önnur taka ekki nema. Þetta skekkir samkeppnistöðuna og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Í framhaldi er spurt: Er æskilegt að jafna þennan mun? Hvernig?

Iðnsveinar starfa ekki eingöngu hjá þeim fyrirtækjum sem kosta námið heldur nýtist þekking þeirra og þjálfun þess utan hjá öðrum fyrirtækjum í atvinnulífinu. Útgjöld fyrirtækja vegna vinnustaðakennslu deilast þ.a.l. ójafnt á fyrirtæki og starfsgreinar og því er nauðsynlegt að jafna þau. Ábyrgð á vinnustaðanámi er alls atvinnulífsins en ekki einstakra atvinnugreina.

Starfshópur um fyrirkomulag vinnustaðakennslu telur að nýtt fyrirkomulag á fjármögnun vinnustaðanáms sé forsenda fyrir því

- að auka megi kröfur til fyrirtækja um að sinna betur vinnustaðakennslu
- að unnt sé að sinna betur þjálfun leiðbeinenda
- að þróa megi eftirlit með vinnustaðakennslu samkvæmt námskrá

Könnun meðal 49 fyrirtækja í iðnaði og veitingaþjónustu (þar sem 28 fyrirtæki svöruðu) staðfestir vilja til að jafna fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu. Jafnframt kemur fram í könnuninni áhersla á að stjórnvöld beri fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðanámi með sama hætti og þau bera ábyrgð á skólanámi. Í framhaldsskólalögunum kemur fram að vinnustaðanám er hluti iðnnáms.

Starfshópurinn telur að vandinn verði ekki leystur nema í náinni samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda. Starfshópurinn bendir á nokkrar leiðir sem til greina koma til að jafna hlut þeirra sem bera ábyrgð á vinnustaðanámi (sjá 7. kafla). Hópurinn telur rétt að byrja á því að leita samninga við yfirvöld menntamála um þátttöku í kostnaði af vinnustaðanámi.

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að málið verði unnið áfram á vettvangi Samtaka atvinnulífsins og breiðrar samstöðu fyrirtækja leitað. Einnig sé nauðsynlegt að ræða fyrirkomulag annars formlegs vinnustaðanáms en iðnnáms. Starfshópurinn telur brýnt að kynna stjórnvöldum málið sem fyrst.

Tillaga starfshópsins að lausn á vanda vinnustaðanáms er eftirfarandi:

Starfshópurinn ítrekar að yfirvöld menntamála bera ábyrgð á vinnustaðaðþjálfun með sama hætti og þau bera ábyrgð á öðru framhaldsskólanámi. Starfshópurinn telur rétt að atvinnurekendur leiti samninga við stjórnvöld um að taka þátt í fjármögnun vinnustaðakennslu.

1 SAGA VINNUSTAÐANÁMS

Löng hefð er fyrir því, bæði héraendis og erlendis að iðnfyrirtæki taki að sér iðnnema til verklegrar kennslu. Þessi þáttur er ýmist nefndur verkleg kennsla, nemaþjálfun eða vinnustaðanám, -þjálfun eða -kennsla. Fyrirkomulag iðnmenntunar hér á landi á rætur að rekja til danska iðnmenntakerfisins sem aftur er afsprengi þess þýska. Í Þýskalandi er iðnnámi skipt í nám í skóla og nám á vinnustað. Þar er mjög sterk hefð fyrir því að nemendur séu á víxl í skóla og á vinnustað. Af þessari ástæðu er þýska kerfið kallað „Das duale System“ eða „hið tvískipta kerfi“.

Tvískipting náms í skóla- og vinnustaðanám krefst jafnrar ábyrgðar atvinnulífs og skóla. Misjafnt er eftir löndum hvernig þessari ábyrgð er skipt, bæði hvað snertir skipulag náms og kostnaðarskiptingu.

Á síðari hluta 19. aldar varð til sterk stétt iðnaðarmanna hér á landi. Iðnaðarmenn voru í fararbroddi framfarasinnaðrar borgarastéttar sem óx hratt fiskur um hrygg. Þeir voru m.a. framarlega í félagslífi, listum og stjórnámum og unnu t.d. það afrek að reisa stærsta samkomuhús síns tíma, Iðnó.

Iðnaðarmenn 19. aldar létu menntamál til sín taka. Þeir stofnuðu skóla sem starfræktur var á sunnudögum og á kvöldin virka daga. Kvöld- og sunnudagaskólinn var forveri Iðnskólans í Reykjavík. Þar lærðu ungir menn bóklega þætti iðngreina, meðfram því að þeir unnu á daginn undir handleiðslu meistara. Iðnaðarmenn stofnuðu Iðnskólann í Reykjavík árið 1904 en starfsemi hans var færð ríkinu 1955 þegar skólinn hóf starfsemi á núverandi stað, á Skólavörðuholtinu. Sama ár eru sett sérstök iðnskólalög. Í þeim er fjallað um fræðslu er iðnnemar skyldu hljóta í iðnskólum en náms í fyrirtækjum og prófa að þeim loknum lítið getið.¹

2 VANDINN

Í árána rás hefur afstaðan til vinnustaðþjálfunar verið tvíþent. Í sumum fyrirtækjum telst það ýmist þegnskylda eða ávinningur að hafa nema í þjálfun en hjá öðrum fyrirtækjum er alls ekki gert ráð fyrir verklegri kennslu. Þetta leiðir af sér tiltekið misvægi. Sum fyrirtæki axla þá ábyrgð að sjá um endurnýjun einstakra iðngreina en önnur reiða sig á að fá iðnsveina án fyrirhafnar frá öðrum. Lítil umræða hefur verið um ábyrgð menntayfirvalda á þessum þætti iðnmenntunar.

Nýútskrifaðir sveinar hefja störf víða í atvinnulífinu, bæði hjá hefðbundnum iðnfyrirtækjum og verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Ætla má þó að flestir nýútskrifaðir sveinar hefji vinnu hjá iðnfyrirtækjum. Með aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu er ljóst að eftirspurn er eftir

¹ Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, hefur tekið saman „Greinargerð um skipan og lagalegar forsendur iðnfræðslumála 1893-1998“ (óprentað handrit). Þar segir hann m.a.: „Benda má á að í lögum um framhaldsskóla er sáralítið kveðið á um framkvæmd sveinsprófa, einungis vísað til þess að um hana skuli fjallað í reglugerð. Þar segir: „Í reglugerð skal einnig kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum, svo og sveinsprófa.“ Spyrja má hvort löggjafinn hafi rennt nægilega styrkum stöðum undir svo veigamikinn þátt starfsnáms sem sveinsprófin eru með þessu orðalagi, „svo og sveinsprófa“.“

iðnaðarmönnum til annarra starfa en hefðbundinna iðnaðarstarfa. Nægir að nefna að iðnaðarmenn vinna í auknum mæli í starfsgreinum þar sem vinnustaðarþjálfun er ekki í boði, t.d. við verslun og þjónustu.

Á undanförunum árum hefur verið litið á þetta ástand sem vanda sem beri að leysa með sérstöku samkomulagi í atvinnulífínu.

Í stuttu máli má segja að vandinn sé þessi: **Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðanámi en önnur taka ekki nema. Þetta skekkir samkeppnistöðu og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Er æskilegt að jafna þennan mun? Hvernig?**

Til þess að nálgast svar við þessum spurningum ákvað starfshópurinn að senda tæplega 50 fyrirtækjum spurningalista (sjá fylgiskjal). Gengið var út frá því að fyrirtækin byggðu framleiðslu- og þjónustuþekkingu sína m.a. á iðnmenntuðu starfsfólki. Vinnustaðarþjálfun væri því hluti af starfsemi fyrirtækjanna.

Í könnuninni er spurt nokkurra spurninga varðandi ýmiss konar kostnað við vinnustaðarþjálfun. Niðurstöður og túlkun þeirra eru birtar í 5. kafla. Tillögur um lausn vandans eru settar fram í 7. kafla.

Umræðan um mismunandi kostnað fyrirtækja af vinnustaðakennslu hefur verið einna mest í prentiðnaði og málmiðnaði. Fulltrúar prentiðnaðarins unnu fyrir um fimm árum tillögur að sérstökum sjóði sem vinna skyldi með hliðstæðum hætti og Arbejdsgivernes elevrefusion (AER) í Danmörku. Í málmiðnaði hefur verið lifandi umræða um jafna ábyrgð fyrirtækja á vinnustaðanámi.

Ábyrgð stjórnvalda á vinnustaðanámi iðnnáms og á skólanámi iðnnáms er sú sama skv. lögum um framhaldsskóla: „*Starfsnám skiptist á skóla og vinnustað eða fer eingöngu fram í skóla.*“ (Lög um frhsk. 1996 nr. 80, IX. k., 25. gr.) Og litlu síðar: „*Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitanda.*“ (IX. k., 32. gr.)

Hér er ekki minnst á kennslukostnað fyrirtækja vegna nemakennslu. Greitt er fyrir iðnnám í skóla af fjárlögum en kostnaðar af kennslu iðngreina á vinnustað er ekki getið. Stjórnvöld hafa ekki staðið undir fjárhagslegri ábyrgð á vinnustaðakennslu heldur hefur atvinnulífið, eða öllu heldur einstök fyrirtæki, staðið undir kostnaði af því.

3 FYRRI TILRAUNIR UM VERKNÁMSSJÓÐ

Fyrir fjórum árum vann fræðslunefnd Samtaka iðnaðarins drög að greinargerð um Verknámssjóð atvinnurekenda fyrir stjórn SI og byggðist sú vinna á sambærilegum atriðum og hér eru til umfjöllunar. Forsendur greinargerðarinnar eru hliðstæðar þeim sem fjallað er um í þessari greinargerð:

- „Mörg fyrirtæki veigra sér við því að taka nema í starfsþjálfun.
- Kostnaður fyrirtækis við starfsþjálfun er hár.
- Nemandi vinnur varla fyrir kostnaði náms í efni og tækjum.

- Samkeppnisstaðan er skökk. Fyrirtæki leggur í kostnað við að þjálfa nema. Þegar neminn er útskrifaður fer hann hugsanlega strax að vinna hjá öðru fyrirtæki. Fyrri fyrirtækið er þá að afhenda seinna fyrirtækinu fjárfestingu í nemandanum.
- Samræmingu og tryggingu á gæðum starfsþjálfunar er ábótavant.²

Starfsgrundvöllur Verknámssjóðs skyldi tryggður með þátttöku stjórnvalda og sérstakri reglugerð. Verknámssjóður væri sjálfseignarstofnun sem hefði það markmið að tryggja að fyrirtækjum stæði til boða hæft starfsfólk. Þetta yrði gert með því að stýra endurgreiðslum til þeirra fyrirtækja sem taka nemendur til samningsbundins starfsnáms. Allir atvinnurekendur, sem hefðu starfsfólk með formlegt starfsnám, greiddu í sjóðinn að hálfu á móti ríkisframlagi. Verknámssjóði skyldi stýrt af stjórn sem skipuð væri fulltrúum SI og menntamálaráðuneytis. Endurgreiðslur úr Verknámssjóðnum rynnu til þeirra atvinnurekenda sem tækju nema.

Ekkert varð af stofnun sjóðsins og tillögurnar voru ekki kynntar stjórn SI vegna þess að fræðslunefnd SI var ekki sammála um eina leið í málinu. Sumir töldu hyggilegt að leita samræmdrar lausnar fyrir allt atvinnulífið, sbr. greinargerðardrög fræðslunefndar. Fleiri nefndarmenn töldu þó ákjósanlegra að vinna málinu brautargengi innan einstakra iðngreinaflokka, t.d. í málmiðnaði, prentiðnaði, byggingariðnaði o.s.frv. Einna lengst hafa málin þokast innan málm- og prentiðnaðar, eins og áður segir, án þess þó að sátt hafi náðst um framgang þess. Nú er aftur leitað lausna í breiðri samstöðu í atvinnulífinu.

Heita má að umræðan sé nú komin á upphafsreit en þó með allt öðrum formerkjum. Greinargerð fræðslunefndar SI byggðist á álitni nefndarmanna og óformlegu sambandi þeirra við fyrirtæki í eigin greinum. Niðurstaða þessarar greinargerðar byggist hins vegar á beinum svörum frá tæplega 30 fyrirtækjum í ólíkum iðngreinaflokkum og gefur skýra mynd af vilja þeirra.

4 VINNUSTAÐAÞJÁLFUN AFTUR Í BRENNIDEPLI

Samtök iðnaðarins héldu fund með ráðgjafaráði, formönnum og stjórnnum aðildarféлага 5. október 2000. Á dagskrá var m.a. Verklegt nám/ starfsþjálfun. Eiga fyrirtæki að fá greitt með nemum? Hver á að borga? Framsögumenn voru Guðbrandur Magnússon, framleiðslustjóri Morgunblaðsins, og Ingólfur Sverrisson, deildarstjóri hjá Samtökum iðnaðarins.

Í máli Ingólfs kom fram að með framhaldsskólalögunum frá 1996 hefði atvinnulífið tekið meiri ábyrgð en áður á mótun iðn- og starfsnáms. Gefa þyrfti fyrirtækjum tækifæri til þess að annast kennslu og þjálfun í iðngreinum sem þau varðaði og að þjálfa fagmenn sem væru sérhæfðir í að leiðbeina nemendum. Slíkt fæli í sér kostnað sem væri ekki leggjandi á einstök fyrirtæki öðrum fremur. Hér þyrftu að koma til almennar aðgerðir.

Guðbrandur greindi frá danska kerfinu en taldi ekki skynsamlegt að yfirfæra það beint á íslenskar aðstæður. Danski sjóðurinn hefði hins vegar sama markmið og nást þyrfti hér á landi, þ.e. að efla og jafna ábyrgð fyrirtækjanna á þjálfun nema og gera hana markvissari en nú er.

Niðurstaða fundarins varð sú að beina því til stjórnar Samtaka iðnaðarins að skipaður yrði starfshópur sem ynni tillögur að fyrirkomulagi nýskipan nemaþjálfunar og hvernig staðið skyldi að fjármögnun þess.

² VERKNÁMSSJÓÐUR ATVINNUREKENDA. Drög að greinargerð Fræðslunefndar SI, 1997.

STARFSHÓPUR SKIPAÐUR

Stjórn Samtaka iðnaðarins skipaði 9. nóvember 2000 starfshóp sem lýsa skyldi vanda vinnustaðanáms og benda á leiðir til að leysa hann. Honum var ætlað að skila niðurstöðu 31. desember 2000.

Í starfshópnum voru: Eyjólfur Bjarnason, Háfelli, Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðinu, Gylfi Einarsson, Fræðsluráði málmíðnaðarins, Ingólfur Sverrisson, Samtökum iðnaðarins og Ingi Bogi Bogason, Samtökum iðnaðarins sem jafnframt var ritari hópsins. Samtök ferðaþjónustunnar lýstu yfir áhuga á því að starfa með hópnum og tóku þátt í starfinu frá upphafi. Fulltrúar SAF í vinnuhópnum voru Erna Hauksdóttir, SAF, og Guðvarður Gíslason, Apótekinu.

Í erindisbréfi stjórnar SI kemur fram að hún telji mikilvægt að kanna fyrirkomulag vinnustaðanáms ólíkra starfsgreina með það að markmiði að bæta kennslu á vinnustað og að jafna fjárhagslega ábyrgð fyrirtækja á henni.

Stjórn SI óskaði eftir því að fjögur atriði væru sérstaklega skoðuð:

1. Gera þarf tillögu um kerfi til að jafna *fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu*. Einstök fyrirtæki kenna nemum sem margir hverjir fara síðan fljótlega að vinna hjá öðrum fyrirtækjum, gjarnan samkeppnisaðilum. M.ö.o. niðurgreiða einstök fyrirtæki þennan þátt. Skoða þarf hvort binda skuli slíkt kerfi við einstakar iðngreinar, iðnaðinn í heild eða allt atvinnulífið. (Er eingöngu um að ræða löggilt iðnnám eða almennt starfsnám?)
2. Þróa þarf *eftirlit* (vottun) með vinnustaðakennslu samkvæmt námskrá.
3. Skýra þarf þau *almennu skilyrði* sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að geta tekið nema í þjálfun.
4. Þjálfun *leiðbeinenda í fyrirtæki* þarf að bæta. Skilgreina þarf hvernig að þjálfun þeirra skuli staðið og hvar þeir geti aflað sér þjálfunar.

VINNA STARFSHÓPSINS

Vinnuhópurinn hélt fimm fundi; tvo í desember 2000, einn í janúar og tvo í febrúar 2001. Á milli funda voru menn í netsambandi.

Á fyrsta fundinum var verkefni hópsins skilgreint með hliðsjón af ráðgjafaráðsfundi og vilja stjórnar SI sem kemur fram í erindisbréfi 9. nóvember 2000. Menn töldu meginverkefnið felast í 1. lið erindisbréfsins, að gera tillögu til að jafna fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu. Hópurinn kaus að líta svo á að fjárhagsleg ábyrgð væri aðeins hluti af stærri ábyrgð, það er umsjón með vinnustaðakennslu. Um leið og fjárhagsleg ábyrgð fyrirtækja er jöfnuð er unnt að gera kröfur til þeirra sem annast vinnustaðakennslu. Ef lausnin er sú að greiða fyrirtækjum sérstaka þóknun fyrir að taka nema þá er unnt að ætlast til að þau fyrirtæki skili tilteknu skilgreindu kennsluhlutverki. Nemendur eru ekki aðeins prófaðir heldur eru „kennslufyrirtækin“ tekin út með reglulegum hætti. Eftirlit, almenn skilyrði til nematöku og þjálfun leiðbeinenda væru atriði sem tímabært væri að fella í ramma þegar tekin hefði verið ákvörðun um fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu.

Eins og komið hefur fram hafa verið gerðar tilraunir til að leysa vanda vinnustaðanáms. Í tengslum við vinnu fræðslunefndar SI 1997 var leitað ráða hjá fulltrúum fyrirtækja með óbeinum hætti. Starfshópurinn taldi nauðsynlegt að fá svör hjá fyrirtækjunum með beinni hætti en áður hefur verið reynt í þessu máli. Í því skyni var leitað til ólíkra fyrirtækja í ólíkum greinum og forsvarsmenn þeirra beðnir að svara fáeinum spurningum varðandi jöfnun ábyrgðar á vinnustaðanámi. Eitt eiga þessi fyrirtæki sameiginlegt: Margir starfsmenn þeirra eru sveinar eða meistarar.

Hér er í fyrsta sinn gerð skipuleg könnun á viðhorfum forsvarsmanna iðnfyrirtækja til hugmynda um fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðanámi. Starfshópurinn telur að þessi könnun hafi ekki einungis gildi hér og nú heldur nýtist hún sem viðmiðun við sambærilegar kannanir síðar.

VAL Á FYRIRTÆKJUM

Í annarri viku desember 2000 var spurningalisti³ sendur fyrirtækjum í þeim iðn- og starfsgreinum Samtaka iðnaðarins og Samtaka ferðaþjónustunnar sem vitað er að reiða sig á kunnáttu iðnaðarmanna öðrum fremur. Um er að ræða byggingariðnað, matvælaíðnað, málmiðnað, prent- og pappírsiðnað, jarðvinnu- og verktakaíðnað, stóriðju, plast- og efnaiðnað, þjónustuiðnað og ferða- og veitingaþjónustu. Öll fyrirtækin eru innan Samtaka iðnaðarins utan þeirra fjögurra í ferða- og veitingaþjónustu sem Samtök ferðaþjónustunnar sáu um að afla gagna frá.

Spurningalistinn var sendur út til fyrirtækja með þrennum hætti: 48 fengu hann sendan í bréfasíma, þar af 37 einnig í tölvupósti. Einn viðtakandi var hvorki með fax né tölvupóst og fékk hann því spurningalistann boðsendan.

TEKUR FYRIRTÆKI ÞITT NEMA Í VINNUSTAÐANÁM / STARFSÞJÁLFUN?

Langflest fyrirtækin taka nemendur í starfsþjálfun. Aðeins eitt fyrirtæki svaraði því til að það tæki aldrei nema á samning.

Hjá einstökum fyrirtækjum eru nemar flestir 23. Meðalfjöldi nema hjá fyrirtækjunum er 6.

Helsti akkur fyrirtækja af því að taka nema er sá að „ala upp“ framtíðarstarfsmann í anda fyrirtækisins. Spurt var hversu margir af núverandi nemum yrðu eftir hjá fyrirtækinu næstu 3-5 ár. Meðaltalssvarið var 4,0. Samkvæmt þessu reynist um 1/3 nemanna fara til annars fyrirtækis fljótlega eftir að námi lýkur. Þetta er drjúgur hluti og því skiljanlegt að fyrirtæki telji það alvarleg afföll.

Mjög misjafnt reyndist vera hve lengi nemarnir eru í starfsþjálfun hjá fyrirtæki. Styst eru þeir í 12 mánuði, lengst í 48 mánuði. Mismunur á lengd starfsþjálfunar stafar af mismunandi skipulagi iðnnáms. Í sumum iðngreinum eru nám og starfsþjálfun að mestu bundin vinnustað. Þetta er víkjandi fyrirkomulag. Í flestum greinum fer námið jöfnum höndum fram í skóla og á vinnustað. Fyrirkomulagið í sumum greinum er flókið. T.d. er þrenns konar möguleg útfærsla á námi í húsasmíði og hafin er vinna við þá fjórðu.

³ Sjá fylgigögn

Spurt var hvort nemarnir hefðu sérstakan leiðbeinanda á vinnustað. Játandi svöruðu 16 fyrirtæki, nei sögðu 10. Ætla má að þeim fyrirtækjum fjölgi sem taka þjálfunarhlutverk sitt alvarlega og fela þess vegna sérstökum starfsmanni að leiðbeina nemum. Athygli fyrirtækja og samtaka í atvinnulífinu beinist í vaxandi mæli að nauðsyn þess að þjálfva leiðbeinendur. T.a.m. er Fræðsluráð málmíðnaðarins þátttakandi í sérstöku Evrópuverkefni (ABLY) á þessu sviði.

NÚVERANDI ÞJÁLFUN HJÁ FYRIRTÆKINU

Spurt var um núverandi þjálfun hjá fyrirtækinu. Gefinn var kostur á þrenns konar svári:

- 1) Þjálfunartíminn er skipulagður í heild með námsþarfir nemanda fyrir augum.
- 2) Nemandinn gengur í þau verkefni sem fyrir liggja hverju sinni.
- 3) Nemandinn gengir allra handa störfum í fyrirtækinu, óháð námi hans.

Í fyrsta svarið er ávinningurinn fyrst og fremst nemans, fyrirtækið skal þjóna námsþörfum hans á þjálfunartíma. Í öðrum lið er ávinningurinn jafnt nemans og fyrirtækisins. Neminn fær tækifæri til að þjálfva sig í raunhæfum verkefnum sem fyrir liggja hverju sinni. Fyrirtækið nýtur um leið starfskrafta nemans, eftir atvikum fullra eða skertra. Í þriðja svarið eru þarfir fyrirtækisins í fyrirrúmi en þjálfun nemans sett til hliðar.

Niðurstöðurnar voru afgerandi. Nú merktu við fyrsta liðinn, átján við annan lið og aðeins einn við þann þriðja. Aðeins eitt fyrirtæki viðurkennir þannig að líta á nema „sem ódýran vinnukraft“. Langflest fyrirtækin leggja áherslu á samþættingu nemaþjálfunar og starfsemi fyrirtækisins. Eitt fyrirtæki merkti bæði við svarmöguleika 1) og 2). Það kemur gleðilega á óvart hve mörg fyrirtæki skipuleggja námstímann í heild með þarfir nemans að leiðarljósi.

ER ÁSTÆÐA TIL AÐ JAFNA HLUT FYRIRTÆKJA Í VINNUSTAÐANÁMI?

Hér er komið að kjarnaspurningu könnunarinnar. Hún byggist á áhuga margra iðnfyrirtækja á að skoða fyrirkomulag fjárhagslegrar ábyrgðar á vinnustaðaðþjálfun iðnnema. Þótt mörg iðnfyrirtæki leggi áherslu á þetta mál má ætla að skiptist mjög í tvö horn hvort menn hafa leitt hugann alvarlega að þessu máli. Þess vegna var eftirfarandi skýringartexti dreginn sérstaklega fram á svarblaði könnunarinnar:

„Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðanámi en önnur taka ekki nema. Þetta skekkir samkeppnistöðu og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Er æskilegt að jafna þennan mun? Hvernig?“

19 fyrirtæki svöruðu þessari spurningu játandi, 5 neitandi og 4 slepptu því að svara.

Niðurstaða könnunarinnar er afgerandi. Ljóst er af svörunum að fyrirtækin leggja metnað sinn í að skapa nemum skilyrði til að læra á vinnustaðnum. Slíkt kostar fjármuni, aðstöðu og umsjón. Hingað til hafa kennslufyrirtækin reitt fram það sem þarf þótt vitað sé (og það staðfestir könnunin) að drjúgur hluti sveina hverfur eftir tiltekinn tíma til starfa hjá öðrum fyrirtækjum og jafnvel í aðrar starfsgreinar.

Þeir sem svara spurningunni neitandi, þ.e. telja ekki æskilegt að jafna mismunandi þátttöku fyrirtækja í vinnustaðanámi, virðast taka afstöðu á ólíkum forsendum. Fulltrúi gamalgróins 20 manna byggingafyrirtækis segir svo: „Ég tel að fyrirtækin eigi að bera alla ábyrgð á nemaþjálfun. Ég vil hafa sterkt samband meistara og nema. Þetta er eitthvað sem meistarafyrirtæki eiga að leggja á sig og fá þá í staðinn góða sveina.“ Ávinningurinn sé fyrirtækisins eða greinarinnar.

Fulltrúar stóriðjufyrirtækis og stórs byggingafyrirtækis telja heldur ekki ástæðu til breytinga. Samkvæmt svarblaði þeirra er núverandi fyrirkomulag í föstum skorðum og gefst vel.

Hjá þeim sem svara spurningunni játandi eru helstu forsendur hliðstæðar. Eigandi lítills iðnfyrirtækis í hefðbundnum þjónustuiðnaði svarar svo: „Hugsanlega ætti að vera beinn námsstyrkur til fyrirtækja. Í dag „borgar“ sig ekki að hafa nema í gullsmíði. Þegar sumar-, páska- og öll önnur frí (skóli, veikindadagar) eru talin saman og neminn fer ekki að framleiða verðmæti fyrir en kannski á þriðja ári þá sjá flestir að núverandi kerfi afleggst fljótlega.“ Flestir í þessum svarhópi hafa fá orð um ástæður fyrir afstöðu sinni önnur en þau að hér sé á ferðinni ótvírætt réttlætismál.

Niðurstaða þessa svarliðar er sú að mismunandi afskipti fyrirtækja af vinnustaðanámi sé vandi sem nauðsynlegt sé að leysa. Tílefni sé til að gera sérstaka aðgerðaráætlun til að vinna bug á vandanum.

HVER ER MARKHÓPUR AÐGERÐARINNAR?

Niðurstöður könnunarinnar sýna að mikill meirihluti telur nauðsynlegt að jafna fjárhagslega ábyrgð fyrirtækja í vinnustaðanámi. Þessi niðurstaða kallar á spurninguna um hvaða fyrirtæki skuli teljast í þeim hópi sem aðgerðin nær til. Þess vegna var spurt um markhóp aðgerðarinnar og þrjár möguleikar gefnir:

- 1) Löggiltar iðngreinar.
- 2) Allt formlengt vinnustaðanám í iðnaði, bæði löggilt og annað.
- 3) Allt formlengt vinnustaðanám í atvinnulífinu, hvort sem er innan iðnaðar, þjónustu eða verslunar.

Fyrsti hópurinn er þrengstur, sá þriðji víðfeðmastur. Rökin fyrir því að binda aðgerðirnar við fyrsta hópinn eru þau að auðvelt sé að halda utan um verkefnið. Í drögum að greinargerð fræðslunefndar SI frá 1997 kom fram vilji sumra til þess að binda aðgerðir ekki aðeins við löggiltar iðngreinar almennt heldur enn þrengra, þ.e. við einstaka iðngreinaflokk, t.d. málmíðnað eða prentiðnað. Með því að ýta aðgerðum úr vör á afmörkuðu sviði atvinnulífsins töldu margir að til yrði fyrirmynd sem fleiri starfsgreinar myndu aðhyllast síðar. Þessi hugmynd hefur ekki gengið eftir, sjá nánar 4. kafla. Rökin fyrir því að binda aðgerðirnar við allt formlegt vinnustaðanám eru þau að þá sé gætt mestrar sanngirni. Fyrirtæki í verslun og þjónustu, sem ráða til sín iðnaðarmenn en taka ekki nema á samning, myndu greiða réttilega fyrir þjálfunina.

Skiljanlegt má telja að svo margir, þ.e. 13, svari að löggiltar iðngreinar séu markhópurinn. Eins og áður segir var könnuninni aðallega beint til fyrirtækja sem öðrum fremur byggja starfsemi sína á færni iðnlærðra. Næstflestir, þ.e. 6, telja þriðja kostinn, sem felur í sér allt formlegt vinnustaðanám í atvinnulífinu, næst vænlegastan.

HVERNIG Á AÐ JAFNA HLUT FYRIRTÆKJA Í VINNUSTAÐANÁMI?

Hér voru þrjár svarliðir og gefinn kostur á að merkja við einn þeirra.

Töluverð umræða var hjá starfshópnum um hverjir svarliðirnir skyldu vera. Ýmis sjónarmið komu fram. Í fyrsta lagi vildu menn hafa bæði lokaða og opna svarliði. Menntu vildu spyrja um tiltekna lausn en jafnframt gefa svarendum kost á því að leggja fram eigin hugmyndir.

Fyrsti svarliður gefur kost á óbreyttu ástandi. Fimm merktu við hann. Hér var einróma samsvörun við þá sem svöruðu spurningu 3a) neitandi: „Er ástæða til að jafna hlut fyrirtækja í vinnustaðanámi?“.

Langflest fyrirtækin, eða 17, merktu við annan svarlið, („Öll fyrirtæki greiði í „nemasjóð“.
Fyrirtæki sem taka nema fá greitt úr þessum sjóði.“). Hann gerir ráð fyrir því að öll fyrirtæki greiði í starfsþjálfunarsjóð („nemasjóð“) og fyrirtæki, sem taka nema, fá greitt úr þessum sjóði. Mikil umræða var í starfshópnum um orðalag þessa svarliðar. Vera kann að fýsilegra hefði þótt að segja t.d.: „*Stjórnvöld greiði allan kostnað af vinnustaðanámi.*“ Þótt sanngjarnt sé að gera ráð fyrir hlutdeild hins opinbera í kostnaði af vinnustaðþjálfun kaus starfshópurinn samt að líta fram hjá þeim kosti í lokuðum svarlið. Með því að nefna opinbera aðkomu, þ.e. að stjórnvöld greiddu að einhverju eða öllu leyti vinnustaðakennslu, væri líklegt að svarendur veldu þann svarmöguleika án þess að velta mikið fyrir sér öðrum valkostum sem kynnu að gera kröfur á hendur fyrirtækjunum. Svarliðurinn útilokar hins vegar ekki hlutdeild hins opinbera í að bera kostnað af vinnustaðakennslu.

Aðalatriðið er að fyrirtækin svara með afgerandi hætti hvernig þau kjósa að vandi vinnustaðþjálfunar verði leystur. Þau vilja einn farveg til að jafna ábyrgð fyrirtækja á vinnustaðþjálfun.

Þriðji svarliðurinn gefur færi á opnu svari og nokkrir nýttu sér það. Einn merkti við lið tvö en gerði nánari grein fyrir svari sínu í þriðja lið.

Meistari sem rekur lítið fyrirtæki segir: „Ekki greiða í fleiri sjóði. Ná frekar aurum úr þeim sjóðum sem fyrir eru.“

Eigandi veitingastaðar segir: „Greiðsla fyrir vinnustaðanám skal koma frá fyrirtækjum sem nýta þetta nám, frá starfsmenntasjóðum og frá ríki.“

Eigandi fyrirtækis í þjónustuiðnaði segir: „Kennari sem kennir nemendum úti á vinnumarkaðnum (þ.e. meistarinn) skal fá kennaralaun frá því opinbera eins og kennarar í skólum. Mætti hugsa sér ákveðna upphæð á nemanda.“

Forsvarsmáður stórs þjónustufyrirtækis bendir á að líklega muni starfsþjálfunarsjóður leggja þyngst á stærstu fyrirtækin. Hann bendir á þrjár leiðir sem hægt sé að fara til að koma til móts við framlag fyrirtækja til vinnustaðanáms: „1) Skattaávilnanir af einhverju tagi. 2) Lækkun á tryggingagjaldi. 3) Hið opinbera greiði fasta upphæð með hverjum nema pr.mánuð - virkaði líka sem hvati til að stytta nám í sumum iðngreinum sem er orðið löngu tímabært.“ Þetta eru áhugaverðar leiðir að sama markmiðinu.

TÚLKUN Á KÖNNUN

Alls reynast vera 165 nemendur hjá þeim 28 fyrirtækjum sem svöruðu könnuninni; meðalfjöldi nema hjá fyrirtæki er 6.

Að meðaltali útskrifuðust 685 iðnnemar á ári 1998-2000⁴.

Hjá um 60% fyrirtækjanna er sérstakur leiðbeinandi ætlaður nemum, hjá öðrum fyrirtækjum má ætla að einstök verk ráði því hver leiðbeinir nemum hverju sinni.

Eftir að svör höfðu borist frá fyrirtækjum óskaði starfshópurinn eftir því að fyrirtækin svöruðu þremur spurningum að auki:

- 1) Hver eru mánaðarlaun leiðbeinanda nema hjá þínu fyrirtæki?
- 2) Hve margar klukkustundir á viku fara í þjálfun eins nema?
- 3) Hvenær er fyrirtæki þitt farið að hagnast á vinnu nemans? Eftir 1., 2. eða 3. ár?

Aðeins 8 fyrirtæki sáu sér fært að svara þessum spurningum innan nauðsynlegra tímamarka. Fyrirtækin eru stór í sinni starfsgrein: tvö veitingafyrirtæki, stóriðjufyrirtæki, tvö matvælafyrirtæki, vélsmiðja, prentsmiðja og jarðvinnufyrirtæki.

Að jafnaði eyða leiðbeinendur rúmlega 7 klst. á viku í að veita hverjum nema tilsögn. Meðalmánaðarlaun leiðbeinanda eru um kr. 263.000. Miðað við 30 mánaða meðallengd vinnustaðanáms er launakostnaður leiðbeinanda á einn nema yfir námstímann kr. 1.350.000.⁵

Miðað við að meðalnámstími í iðnnámi er 3 ½ ár (42 mánuðir) má ætla að árlegur launakostnaður leiðbeinanda hjá fyrirtækjum vegna vinnustaðaðþjálfunar iðnnema sé 264 millj. kr.⁶ Að viðbættum launatengdum gjöldum leiðbeinanda, teknu tilliti til ójafns vinnuframlags nema og rýrnunar á efni og tækjum má ætla að kostnaður af kennslu fyrirtækjanna sé ekki undir 500 millj. kr. á ári.

Í þessari greinargerð er að mestu fjallað um launakostnað leiðbeinanda en lítið um launakostnað nema. Samkvæmt könnuninni greiða fyrirtækin niður launakostnað nema á fyrrihluta náms þar eð framleiðni þeirra er þá lág. Á síðari hluta vinnustaðanámsins má ætla, ef allt gengur eins og til er ætlast, að fyrirtæki séu farin að njóta starfskrafta nema. Svörin við spurningunni um hvenær

⁴ Sjá Hagstofa Íslands: Landshagir 1999: (1996: 687; 1997: 644; 1998: 793; (skv. símtali: 1999: 615))

⁵ Meðalmánaðarlaun leiðbeinanda (263.000) / vinnustundafj. á mán. (176) = 1.500 kr. á klst.

Leiðsögn nema í 30 mán. (900 klst.) x 1.500 = 1.350.000 kr. að meðaltali í vinnustaðakennslu eins nema.

⁶ (1.350.000*685 /42)*12 = 264.214.000 kr.

fyrirtækin færu að hagnast á vinnu nemans voru ekki einhlít. Þetta væri misjafnt eftir iðngreinum og eftir einstaklingum. Að meðaltali var því svarað að eftir 2. ár hefði vinnuframlag iðnnemans náð því að jafna kostnað fyrirtækisins sem hlytist af þjálfun hans. Á síðasta hluta námsins er neminn farinn að skila fyrirtækinu arði.

Starfshópurinn taldi mikilvægt að lausn á vanda vinnustaðanáms væri einföld, fæli í sér litla skriffinnsku og byggðist helst á fyrirbyggjandi kerfi. Í þessu ljósi ræddi starfshópurinn sérstaklega fyrirkomulag atvinnuleysistryggingasjóðs og hvort og með hvaða hætti unnt væri að nýta hann sem farveg í þessu sambandi. (Sjá nánar lið 2 á bls. 14).

6 FYRIRKOMULAG TRYGGINGAGJALDS

Öll fyrirtæki hér á landi greiða tryggingagjald. Samkvæmt lögnum skulu launagreiðendur inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald. Samkvæmt þessu er tryggingagjald alfarið framlag fyrirtækja í landinu.

Tryggingagjald er samsett úr tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi. Atvinnutryggingagjaldi er ætlað að mæta fjárförf atvinnuleysistryggingasjóðs en tekjum af almennu tryggingagjaldi er m.a. ráðstafað til Vinnueftirlits ríkisins, Staðlaráðs, Icepro, Fæðingarorlofssjóðs og til að fjármagna lífeyris- og slystryggingar almannatrygginga.

Hluta af tryggingagjaldi er varið til starfsmenntunar skv. lögum. Starfsmenntaráð hlýtur um 50 m.kr. af tryggingagjaldi til eigin starfsemi. Starfsmenntaráð heyrir stjórnskipulega undir félagsmálaráðuneytið. Starfsmenntaráð starfar skv. lögum 19/1992 og er ætlað að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu, m.a. með því að styrkja starfsemi á þessu sviði. Í samningum 2000 við VMSÍ og Flóabandalagið var samið um 87 m.kr. árlegt framlag af tryggingagjaldi sem verja skal til menntunar ófaglærðra næstu þrjú ár.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að félagsmálaráðuneytið fer með málefni starfsmenntunar í atvinnulífinu, sérstaklega óformlegrar starfsmenntunar utan opinbera skólakerfisins. Menntamálaráðuneytið er yfirráðuneyti menntamála, þ.m.t. formlegrar iðnmenntunar á framhaldsskólastigi.

Vilji þeirra sem samkvæmt könnuninni óska eftir breyttu fyrirkomulagi vinnustaðanáms er skýr: Þeir vilja að stjórnvöld axli ábyrgð og leggi fé til vinnustaðanáms. Svarendur vilja síður nýja sjóði í þessu skyni. Réttast sé að gera ráð fyrir opinberu framlagi á fjárlögum í þessu skyni. Næstbestur kostur sé að nýta þá sjóði og þá farvegi sem fyrir eru.

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt tryggingagjald fyrir „sögu stefnuleysis og sífelldra breytinga.“ Þessar breytingar stuðli að ójafnvægi og óvissu, geti jafnvel magnað hagsveifluna. Undanfarin ár hefur atvinnuleysistryggingasjóður vaxið hratt. Tekjuafgangur 1998 var 896.528.684 kr. og árið 1999 var hann 1.871.805.056 kr. Fjármunatekjur 1999 voru 138.803.124 kr.⁷

Eins og hér hefur komið fram er hluta tryggingagjalds ráðstafað til menntunar í atvinnulífinu. Um það hefur verið sátt. Á sama hátt er ástæða fyrir stjórnvöld að kanna hvort og með hvaða

⁷ Rekstrarreikningur 1999

hætti unnt sé að nota tryggingagjald sem farveg fyrir starfsþjálfunargjald atvinnurekenda. Skoða má hvort ekki megi færa til núverandi ráðstöfun tryggingagjalds þannig að ekki þurfi að koma til verulegrar hækkunar gjaldsins þótt starfsþjálfunargjald atvinnurekenda komi af tryggingagjaldi. Sanngjarn er að stjórnvöld taki beinan þátt í greiðslu starfsþjálfunargjalds óháð framlögum af tryggingagjaldi.

7 FRAMHALD MÁLS

Vinnustaðakennsla er hluti af samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja og starfsgreina. Atvinnulífið og yfirvöld menntamála gera sífellt meiri kröfur um gæði vinnustaðakennslu. Þetta sést m.a. á því að meiri áhersla er lögð á störf nemaleyfisnefnda, sem votta að fyrirtækjum sé heimilt að taka nema, og í aukinni vinnu einstakra starfsgreinaráða við að skilgreina námskröfur í vinnustaðakennslu.

Starfshópurinn er sammála um að niðurstaða könnunarinnar um fyrirkomulag vinnustaðanáms staðfesti almenna ósk fyrirtækja Samtaka iðnaðarins og Samtaka ferðaþjónustunnar um að jafnaður verði sá munur sem fyrirtæki búa við varðandi vinnustaðakennslu. Atvinnulífið og stjórnvöld bera ábyrgð á framkvæmd vinnustaðanáms: Fyrirtækin skapa vinnustaðakennslu aðstöðu og yfirvöld menntamála setja því lög og reglur. Þessir aðilar þurfa því báðir að koma að lausn málsins.

Núna greiða fyrirtæki í landinu háar fjárhæðir vegna vinnustaðakennslu en framlag ríkisins er óverulegt ef nokkurt. Þessi útgjöld deilast ójafnt á fyrirtækin og því er mikilvægt að jafna þau. Um leið er nauðsynlegt að kalla stjórnvöld til fjárhagslegrar ábyrgðar á vinnustaðanámi.

Starfshópurinn lítur svo á að ekki séu forsendur til að vinna tillögur varðandi *eftirlit, almenn skilyrði*, sem fyrirtæki þurfi að uppfylla til að taka nema í þjálfun og varðandi betri *þjálfun leiðbeinenda* í fyrirtækjum (sbr. erindisbréf SI, 9. nóv. 2000), fyrir en lausn hefur verið fundin á jöfnun fjárhagslegrar ábyrgðar á vinnustaðakennslu.

Ljóst er að erfitt getur reynst að binda aðgerðir um fjárhagslega ábyrgð á kennslu í fyrirtækjum eingöngu við löggiltar iðngreinar og annað formlegt starfsnám innan iðnaðarins. Sveinar, sem hafa hlotið þjálfun hjá iðnfyrirtæki, fara gjarnan til starfa í fyrirtækjum annarra starfsgreina. Hér er um vanda alls atvinnulífsins að ræða. Starfshópurinn telur því nauðsynlegt að breið samstaða náist um úrlausn á þessu viðfangsefni, fyrst meðal samtaka atvinnurekenda og síðan milli samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda.

Ábyrgð á vinnustaðanámi, hvort sem er hugmyndaleg eða fjárhagsleg, er ekki fyrirtækjanna einna. Hér er um að ræða nám, ekki síður mikilvægt en skólanám, sem framhaldsskólalögin kveða á um að sé hluti af iðn- og verknámi. Stjórnvöld standa undir ábyrgð á fjárhagslegum rekstri á skólaþætti iðnnáms. Á sama hátt ber þeim skylda til að taka þátt í kostnaði af vinnustaðakennslu.

Starfshópurinn ræddi hvernig jafna mætti fjárhagslega ábyrgð stjórnvalda og fyrirtækja á vinnustaðakennslu. Fjórar leiðir koma til greina við fyrirkomulag greiðslu til fyrirtækja vegna vinnustaðanáms. Hugsanlega má leita lausna í fleiri en einni leið. Starfshópurinn telur fyrstu leiðina þá raunhæfustu.

1. **Útgjöld vegna vinnustaðakennslu séu á fjárlögum.** Starfshópurinn telur að stjórnvöld beri ábyrgð á vinnustaðajálfun með sama hætti og þau bera ábyrgð á öðru framhaldsskólanámi.
2. **Starfsþjálfunargjald tekið af tryggingagjaldi.** Atvinnurekendur óski eftir því við stjórnvöld að sett verði lög sem heimila að tilteknum hluta tryggingagjalds verði ráðstafað til að jafna hlut fyrirtækja í vinnustaðakennslu samkvæmt nánari reglum sem settar verði.
3. **Starfsþjálfunarsjóður („Nemasjóður“).** Atvinnurekendur beiti sér fyrir því að stofnaður verði sérstakur starfsþjálfunarsjóður sem eigi stoð í nýjum lögum þar að lútandi. Til hliðsjónar verði hafðar reglur danska sjóðsins Arbejdsgivernes elevrefusion (AER). Atvinnurekendur semji við stjórnvöld um að greiða tiltekið hlutfall af útgjöldum sjóðsins.
4. **Skattaávilnanir.** Fyrirtæki sem taka nema í vinnustaðajálfun geti sótt um skattaávilnun sem nemur launakostnaði iðnnema, í heild eða að tilteknu hlutfalli.

Starfshópurinn leggur til að þessi greinargerð verði kynnt á vettvangi Samtaka atvinnulífsins. Innan SA verði unnið að því að ná samstöðu um málið í ólíkum iðn- og starfsgreinum sem telja sér það skylt.

Starfshópurinn leggur til að greinargerðin verði kynnt menntamálaráðherra eftir að hún hefur hlotið formlega kynningu hjá Samtökum atvinnulífsins.

Starfshópur um fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu

Reykjavík, 22. febrúar 2001

Erna Hauksdóttir
Samtök ferðaþjónustunnar

Eyjólfur Bjarnason
Háfelli

Guðbrandur Magnússon
Morgunblaðinu

Guðvarður Gíslason
Samtök ferðaþjónustunnar

Gylfi Einarsson
Fræðsluráði málmíðnaðarins

Ingi Bogi Bogason
Samtökum iðnaðarins

Ingólfur Sverrisson
Samtökum iðnaðarins

FYLGISKJÖL

Skipunarbréf starfshóps dags. 9. nóv. 2000

Eyðublað könnunar (excel)

Niðurstöður könnunar (excel)

Ingólfur Sverrisson
Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2000

Í samræmi við stjórnarfund Samtaka iðnaðarins, 2. nóv. sl., er hér með óskað eftir því að þú takir þátt í starfshópi sem kanni fyrirkomulag vinnustaðanáms og geri tillögur til úrbóta.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að kanna fyrirkomulag vinnustaðanáms ólíkra starfsgreina með það að markmiði að bæta kennslu á vinnustað og að jafna fjárhagslega ábyrgð fyrirtækja á henni.

Fjögur atriði þarfnast skoðunar í þessum efnum:

1. Gera þarf tillögu um kerfi til að jafna *fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu*. Einstök fyrirtæki kenna nemum sem margir hverjir fara síðan fljótlega að vinna hjá öðrum fyrirtækjum, gjarnan samkeppnisaðilum. M.ö.o. niðurgreiða einstök fyrirtæki þennan þátt. Skoða þarf hvort binda skuli slíkt kerfi við einstakar iðngreinar, iðnaðinn í heild eða allt atvinnulífið. (Er eingöngu um að ræða löggilt iðnnám eða almennt starfsnám?)
2. Þróa þarf *eftirlit* (vottun) með vinnustaðakennslu samkvæmt námskrá.
3. Skýra þarf þau *almennu skilyrði* sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að geta tekið nema í þjálfun.
4. Þjálfun *leiðbeinenda í fyrirtæki* þarf að bæta. Skilgreina þarf hvernig að þjálfun þeirra skuli staðið og hvar þeir geti aflað sér þjálfunar.

Starfshópnum er ætlað að lýsa vandanum nánar og benda á leiðir til að leysa hann. Nefndin skili niðurstöðu fyrir 31. desember 2000.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri

KÖNNUN Á VINNUSTAÐAKENNSLU

TRÚNAÐARMÁL - TRÚNAÐARMÁL - TRÚNAÐARMÁL - TRÚNAÐARMÁL

Fyrirtæki: _____

Tengiliður: _____

Vandi

Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðanámi en önnur taka ekki nema. Þetta skekkir samkeppnistöðu og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Er æskilegt að jafna þennan mun? Hvernig?

1. Tekur fyrirtæki þitt nema í vinnustaðanám / starfsþjálfun? Ef svo:

mán.
Já - Nei
kr.

Hve margir nemar eru nú hjá fyrirtækinu?

Hve lengi eru þeir alls í þjálfun hjá fyrirtækinu?

Eru nemar með sérstakan leiðbeinanda?

Hver eru mánaðarlaun nema í þjálfun?

Hve margir nemar má ætla að verði eftir hjá

2. Núverandi þjálfun hjá fyrirtækinu (Merkið X í einn reit)

þjálfunartíminn er skipulagður í heild með

Nemandinn gengur í þau verkefni sem fyrir

Nemandinn gegnir allra handa störfum í

3. a) Er ástæða til að jafna hlut fyrirtækja í vinnustaðanámi?

Já - Nei

b) Hver er markhópur aðgerðarinnar? (Merkið X í einn reit.)

Löggiltar iðngreinar.

Allt formlegt vinnustaðanám í iðnaði, bæði

Allt formlegt vinnustaðanám í atvinnulífinu, hvort

4. Hvernig á að jafna hlut fyrirtækja í vinnustaðanámi? (Merkið X í einn reit.)

Hafa óbreytt fyrirkomulag.

Oll fyrirtæki greiði í „nemasjóð“. Fyrirtæki sem

Annað sem þú telur geta haft áhrif á núverandi

SVAR SENDIST INGA BOGA (ingi.bogi@si.is), SAMTÖKUM IÐNAÐARINS
(SÍMI: 511 5555, FAX: 511 5566)

KONNUN A VINNUSTAÐAKENNSLU

Spurningalisti sendur til fyrirtækja í des. 2000

Fyrirtæki		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
1. Tekur fyrirtæki þitt nema í vinnustaðana	Já: 27, Nei: 1	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei	Já
Hve margir nemar eru nú hjá fyrirtækinu?	165	2	2	4	4	3	18	1	2	1	4	9	2	10	10	7	1	1	10	0	6	0	13	23	7	8	12		5
Hve lengi eru þeir alls í þjálfun hjá fyrirtækinu? (Mánuðir)	Styst: 12 man. Lengst: 48 man.	30	van tar	36	36	42	48	19	18	18	41	30	19	12	48	30	24	24		36	12	48	24	27	30	30	48	22	30
Eru nemar með sérstakan leiðbeinanda?	Já: 16, Nei: 10, Autt	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei		Já	Já	Já	Já	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
Hver eru mannaárlaun nema í þjálfun í þús kr.?	Meðaltal	110.121																											
Hve margir nemar ma ætla að verði etir hjá fyrirtækinu næstu 3-5 ár?	Meðaltal	4	0	3	4	2	3		2	1	3	4	2	7	10	10	2	4	2				6	9	5	5	6		5
2. Núverandi þjálfun hjá fyrirtækinu (Merkið X í einn reit)																													
Þjálfunartíminn er skipulagður í heild með námsþarfir nemanda fyrir augum.	10		X	X				X			X	X			X			X	X		X			X					
Nemandinn gengur í þau verkefni sem fyrir liggja hverju sinni.	18	X	X		X	X	X		X	X			X	X		X	X			X		X	X		X	X	X		X
Nemandinn gegnir allra handa störfum í fyrirtækinu, óháð námi hans.	1																			X									
3. a) Er ástæða til að jafna hlut fyrirtækja í	Já: 19, Nei: 5, Autt: 4		Já	Já	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei		Já	Já	Já	Já		Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
b) Hver er markhópur aðgerðarinnar? (Merkið X í einn reit.)																													
Löggiltar iðngreinar.	15		X	X		X	X			X	X		X	X					X		X	X	X	X		X	X		
Allt formlegt vinnustaðanam í iðnaði, bæði löggilt og annað.	4	X							X						X	X													
Allt formlegt vinnustaðanam í atvinnulífinu, hvort sem er innan iðnaðar, þjónustu eða	6											X		X		X				X					X				X
4. Hvernig á að jafna hlut fyrirtækja í vinnustaðanami? (Merkið X í einn reit.)																													
Hafa óbreytt fyrirkomulag.	5				X	X		X					X		X														
Öll fyrirtæki greiði í „nemasjóð“. Fyrirtæki sem taka nema fá greitt úr þessum sjóði.	17			X			X		X	X		X		X		X	X	X	X	X	X		X	X		X	X	X	X
Annað sem þú telur geta haft áhrif á núverandi fyrirkomulag? Hvað?	5	X	X							X	X										X								
SVAR SENDIST INGA BOGA (ingi.boqi@si.is). SAMTÖKUM IÐNAÐARINS																													
(SÍMI: 511 5555, FAX: 511 5566)																													
Spurningar til fyrirtækja eftir aðalkönnun (í síma). Unnið í feb. 2001																													
Hver eru mannaárlaun (heildarlaun) leiðbeinanda / þjálfanda / fóstara /	262.750,00																												
Hve margar klukkustundir á viku (eða vikur á ári) fara í þjálfun nema?	7,31																												